
LANDSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

LÍS

Landsþing

2019

Bifröst

29.03 – 31.03

Stúdentaráð Háskóla Íslands

 LANDSSAMTÖK
ÍSLENSKRA
STÚDENTA

Ritari I

Jónas Torfason

Ritari II

Númi Sveinsson

Ath. fundarritara: Einungis verður fjallað með almennum hætti um ákvarðanir og umræður. Þingfulltrúar geta borið fram bókanir vilja þeir að haft sé orðrétt eftir þeim í fundargerð. Voru þingfulltrúum gert þetta ljóst af fundarstjóra í upphafi landsþings.

EFNISYFIRLIT

1.	Setning þings	1
2.	Lögmæti fundar við upphaf þings	2
3.	Kosning fundarstjóra og ritara.....	3
4.	Trúnaðarmenn tilnefndir.....	4
5.	Tilkynning frá kjörstjórn	5
6.	Ársskýrsla stjórnar.....	6
7.	Ársreikningur samtakanna.....	7
8.	Lögmæti fundar að loknu fundarhléi.....	8
9.	Erindi: <i>Í átt að sjálfbærari framtíð</i>	9
10.	Stefna LÍS um alþjóðavæðingu	10
11.	Lögmæti fundar að loknu fundarhléi.....	14
12.	Erindi: <i>A Danish Perspective on Sustainability and the Role of Students</i>	15
13.	Ávarp frá mennta- og menningarmálaráðherra	16
14.	Lögmæti fundar eftir hlé.....	17
15.	Lagabreytingar.....	18
16.	Lögmæti fundar 30.3	22
17.	Verkátun	23
18.	Fjárhagsátun.....	24
19.	Jafnréttisstefna.....	25
20.	Erindi: <i>Ísland og heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna</i>	27
21.	Erindi: <i>Hvað þýðir samfélagsleg ábyrgð eiginlega? - Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja</i>	28
22.	Erindi frá Raket Guðmundsdóttur	29
23.	Lögmæti fundar kannað.....	30
24.	Jafnréttisstefna frh.	31
25.	Lögmæti fundar kannað 31.3.....	35

26.	Önnur mál.....	36
27.	Lögmæti fundar kannað að loknu fundarhléi	37
28.	Önnur mál frh.	38
29.	Lögmæti fundar kannað að loknu fundarhléi	39
30.	Önnur mál frh.	40
31.	Kosning til framkvæmdastjórnar.....	41
32.	Tilnefningar aðildarféлага til fulltrúaráðs	43
33.	Staðfesting ritara og fundarstjóra	44

1. Setning þings

Formaður LÍS, Elsa María Guðlaugs Drífudóttir, setur landsþing.

- a. Elísabet Brynjarsdóttir, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands, ávarpar fundinn.
- b. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, ávarpar fundinn.

2. Lögmæti fundar við upphaf þings

Formaður LÍS, Elsa María, fer yfir atkvæði til að kanna lögmæti fundar.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 13 atkvæði
 - i. Jóna Þórey Pétursdóttir (SHÍ): afsalar sér atkvæðisrétti sínum til Elísabetar Brynjarsdóttur (SHÍ) þangað til eftir hádegi á föstudegjum.
 - ii. Kolbrún Lára Kjartansdóttir (SHÍ): afsalar sér atkvæðisrétti sínum til Magdalenu Katrínar Sveinsdóttur (SHÍ) þangað til eftir hádegi á föstudeginum.
 - iii. Margrét Ósk Gunnarsdóttir (SHÍ) afsalar atkvæðisrétti sínum til Guðrúnar Karítasar Blomsterberg.
- c. SHA: 6 atkvæði
 - i. ... afsalar atkvæðisrétti sínum til Sólveigar Maríu.
- d. SFHR: 9 atkvæði, 3 umboð
 - i. Hjördís Sveinsdóttir (SFHR) afsalar atkvæðisrétti sínum til Eyglóar Maríu Björnsdóttur þangað til eftir hádegi föstudags.
 - ii. Leó Snær Emilsson (SFHR) afsalar atkvæðisrétti sínum til Eyglóar Maríu Björnsdóttur.
- e. Hvanneyri: 2 atkvæði
- f. LHÍ: 2 atkvæði
- g. Hólar: 2 atkvæði, umboð?
- h. SÍNE: 3 atkvæði
 - i. Sandra Rún Jónsdóttir (SÍNE) afsalar atkvæðisrétti sínum til Gauta Skúlasonar þangað til eftir hádegi laugardags.
 - ii. Hjördís Jónsdóttir (SÍNE) afsalar atkvæðisrétti sínum til Gauta Skúlasonar.
- i. Alls: 39 atkvæði, fundur lögmætur.

3. Kosning fundarstjóra og ritara

Elsa tilnefnir Benedikt Traustason til fundarstjóra. Einróma samþykkt. Elsa tilnefnir Jónas Mátorfason og Núma Sveinsson til fundarritara. Einróma samþykkt.

Benedikt Traustason tekur við fundarstjórn og fer yfir starfsemi landsþings, hlutverk fundarstjóra og fundarsköp landsþings.

- a. Ber upp undanþágu frá lögum skv. 54. gr.: Framboðsfresti lýkur fyrir 13. lið skv. 45. gr. en ekki eftir hann. Samþykkt einróma.
- b. Ber upp undanþágu frá lögum skv. 54. gr.: Breyting á dagskrá landsþings skv. 45. gr. í samræmi við útgefna dagskrá framkvæmdastjórnar. Einróma samþykkt.

4. Trúnaðarmenn tilnefndir

Tilnefning trúnaðarmanna; Teit Erlingsson og Ásgerði Ólöfu Ásgeirsdóttir.

- a. Teitur les upp yfirlýsingu trúnaðarmanna.

5. Tilkyning frá kjörstjórn

Viktor Örn Guðmundsson og Ester R. Antonsdóttir munu taka við störfum í kjörstjórn í forföllum Jónasar Más Torfasonar og Söndru Rún Jónsdóttur þegar við á. Eins var opnað fyrir framboð í ritara, markaðsstjóra og gæðastjóra og frambjóðendum bent á rétt sinn til að tilnefna fulltrúa til að fylgjast með störfum kjörstjórnar.

6. Ársskýrsla stjórnar

Formaður LÍS, Elsa, kynnir ársskýrslu stjórnar fyrir starfsárið 18-19 og tekur við spurningum.

7. Ársreikningur samtakanna

Varaformaður LÍS kynnir ársreikninga félagsins í forföllum fjármálastjóra og tekur við spurningum.

- a. Ársreikningar bornir upp til samþykktar eftir óverulegar umræður. Samþykkt einróma

Fundarhlé kl. 10:16.

8. Lögmæti fundar að loknu fundarhléi

Fundur settur 10:40.

Lögmæti fundar kannað að loknu fundarhléi. Virk atkvæði könnuð.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 13 atkvæði
- c. SFHA: 6 atkvæði
- d. SFHR: 9 atkvæði
- e. Hvanneyri: 2 atkvæði
- f. NLHÍ: 2 atkvæði
- g. Hólar: 2 atkvæði
- h. SÍNE: 3 atkvæði
- i. Samtals: 39. Umboð með sama hætti og skv. 2. lið fundargerðar.

9. Erindi: *Í átt að sjálfbærari framtíð*

Birgitta Stefánsdóttir, verkefnastjóri hjá Umhverfisstofnun, flytur erindið *Í átt að sjálfbærari framtíð* og tekur við spurningum og umræður.

10. Stefna LÍS um alþjóðavæðingu

Stefna LÍS um alþjóðavæðingu í íslensku háskólasamfélagi. Salka Sigurðardóttir, alþjóðaforseti LÍS, kynnir. Breytingartillögur teknar til meðferðar.

a. 1. Breytingartillaga.

Upprunalegur texti:	Breytingartillaga:
Markviss stefna um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags er nauðsynlegt skref í átt að samkeppnishæfara menntakerfi, víðsýnna samfélagi, fjölbreyttara vinnuafli og öflugra fræðastarfi.	Markviss stefna um alþjóðavæðingu íslensks háskólasamfélags er nauðsynlegt skref í átt að samkeppnishæfara menntakerfi á alþjóðavísu , víðsýnna samfélagi, fjölbreyttara vinnuafli og öflugra fræðastarfi.

SHÍ kynnir, framkvæmdastjórn tekur undir breytingartillögu. Engar umræður. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.

b. 2. Breytingartillaga.

Upprunalegur texti:	Breytingartillaga:
Alþjóðavæðing hefur einfaldað tengsl milli einstaklinga, samtaka og stofnana í 5 ólíkum heimshornum og stuðlar þannig að auknum og hraðari samskiptum.	Alþjóðavæðing hefur einfaldað tengsl milli einstaklinga, samtaka og stofnana í ólíkum heimshornum og stuðlar þannig að auknum <u>skilningi og hraðari samskiptum milli landa og menningarheima</u> .

Framkvæmdastjórn kynnir. Engar umræður. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.

c. **3. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Alþjóðleg samskipti stuðla að auknum gæðum menntunar og auka samfélagslegan ávinning.	Breytingartillaga: Alþjóðleg samskipti stuðla að auknum gæðum menntunar og styðja stúdenta og akademískt starfsfólk við að takast á við kröfur og áskoranir sem einkenna samfélagið í nútíð og framtíð.
--	---

Framkvæmdastjórn kynnir. Samþykkt einróma án sérstakrar umræðu.

d. **4. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Háskólar og yfirvöld skulu stefna að því að árið 2030 hafi 40% útskrifaðra Íslendinga alþjóðlega reynslu.	Breytingartillaga: Háskólar og yfirvöld skulu stefna að því að árið 2030 hafi 40% útskrifaðra Íslendinga alþjóðlega reynslu, hvort sem það sé í styttri eða lengri tíma.
---	---

SHÍ kynnir. Samþykkt einróma eftir stutta umræðu.

e. **5. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Háskólar og menntayfirvöld þurfa að kortleggja hindranir sem eru fyrir hendi þegar stúdentar hyggja á nám erlendis meðal annars með öflun tölfraeðiupplýsinga.	Breytingartillaga: Háskólar og menntayfirvöld þurfa að kortleggja hindranir sem eru fyrir hendi þegar stúdentar hyggja á nám erlendis meðal annars með öflun tölfraeðiupplýsinga. Um 10% íslenskra stúdenta hafa sótt tímabundið nám erlendis og um 29% stefna á slíkt nám. Heimild → https://www.erasmusplus.is/media/bore-2/2018_05_07_rannis_flædi-islenskra-haskolanema_maskinuskysrsla_med-mynd.pdf
---	--

Framkvæmdastjórn kynnir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

f. **6. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Það sem telst til alþjóðlegrar reynslu eru meðal annars styttri og lengri stúdentaskipti, starfsnám og námskeið sem og nám til gráðu erlendis.	Breytingartillaga: Það sem telst til alþjóðlegrar reynslu eru meðal annars styttri og lengri stúdentaskipti, starfsþjálfun og námskeið sem og nám til gráðu erlendis.
--	--

SHÍ kynnrir, framkvæmdastjórn tekur undir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

g. **7. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Markmið með skiptinámi og starfsþjálfun á háskólastigi getur verið að auka gæði háskólanáms með fjölbreyttum námsmöguleikum og einnig að auka færni, hæfni og styrkja möguleika stúdenta í atvinnulífinu að námi loknu. Stúdentar sem hafa sótt starfsnám telja sig betur í stakk búna til að hugsa rökrétt og draga ályktanir.	Breytingartillaga: Markmið með skiptinámi og starfsþjálfun á háskólastigi getur verið að auka gæði háskólanáms með fjölbreyttum námsmöguleikum og einnig að auka færni, hæfni og styrkja möguleika stúdenta í atvinnulífinu að námi loknu. Stúdentar sem hafa sótt starfsþjálfun telja sig betur í stakk búna til að hugsa rökrétt og draga ályktanir.
---	---

Stúdentaráð kynnrir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

h. **8. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti:	Breytingartillaga: Einnig ættu þessar styrkjaáætlanir að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir fyrir alþjóðlega reynslu, bæði hvað varðar sveigjanlega tímalengd dvalar erlendis og alþjóðavæðingu heima fyrir, enda myndi slíkt sérstaklega gagnast þeim hópum sem standa höllum fæti.
----------------------------	--

Framkvæmdastjórn kynnrir, en gerir jafnframt munnlega breytingartillögu um að taka út setningu í lok tillögu. Umræður um breytingartillöguna. Minniháttar umræður. Atkvæði

greidd um breytingartillöguna. Samþykkt einróma. Atkvæði greidd um tillöguna í heild án sérstakrar umræðu. Samþykkt einróma.

i. **9. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Stúdentar sem hljóta alþjóðlega reynslu er einsleitur hópur og því er nauðsynlegt að aðgengi verði greiðara.	Breytingartillaga: Nauðsynlegt er að tryggja greiðara aðgengi fyrir fjölbreyttan hóp af stúdentum, með ólíkar þarfir, til þess að sporna gegn því að stúdentar sem hljóta alþjóðlega reynslu verði verði einsleitur hópur.
--	--

SHÍ kynnir. Engar umræður, samþykkt einróma.

j. **10. Breytingartillaga.**

Upprunalegur texti:	Breytingartillaga: Ólaunaður stúdent í starfsþjálfun skal ekki sinna störfum sem launað starfsfólk hefði annars sinnt skal stúdent í starfsþjálfun alltaf hafa leiðbeinanda innan fyrirtækis sem hægt er að leita til. Stúdent í ólaunaðri starfsþjálfun skal ekki koma í stað launaðs starfsfólks. Stúdent í starfsþjálfun skal ávallt fá námstækifæri og hafa leiðbeinanda innan vinnustaðar sem hægt er að leita til. Einnig þarf að vera skýrt ferli til staðar til að bregðast við vandamálum sem gætu komið upp.
----------------------------	---

Framkvæmdastjórn kynnir. Nokkrar umræður. Formaður LÍS brýnir fyrir þingfulltrúum að afmarka umræður við alþjóðastefnu. SHÍ gerir munnlega breytingartillögu.

Framkvæmdastjórn jafnframt. Umræður og margar breytingartillögur. Ákveðið að fara í hádegishlé og þeim tilmælum beint til þingfulltrúa að koma sér saman um breytingartillögu í hléi.

Hádegishlé kl. 12.11. Fundur settur á ný 13.00.

11. Lögmæti fundar að loknu fundarhléi

Lögmæti fundar kannað að hléi loknu.

- a. Jóna Þórey (SHÍ) er mætt og hefur tekið við atkvæði sínu.
- b. Bifröst: 2 atkvæði.
- c. SHÍ: 13 atkvæði
- d. SHA: 6 atkvæði
- e. SFHR: 9 atkvæði
- f. Hvanneyri: 2 atkvæði
- g. NLHÍ: 2 atkvæði
- h. Hólar: 2 atkvæði
- i. SÍNE: 3 atkvæði.
- j. Samtals 39 atkvæði.

12. Erindi: *A Danish Perspective on Sustainability and the Role of Students*

Jens Bonde Mikkelsen flytur erindið A Danish perspective on sustainability and the role of students.

13. Ávarp frá mennta- og menningarmálaráðherra

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, ávarpar fundinn, kynnir drög að nýju lánasjóðskerfi og svarar spurningum.

Fundarhlé kl. 15:24. Fundur settur kl. 15:34.

Formaður LÍS sér um vinnustofu um forgangsröðun heimsmarkmiða.

14. Lögmati fundar eftir hlé

Lögmati fundar kannað að loknu fundarhléi. Virk atkvæði könnuð.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 13 atkvæði
- c. SFHA: 6 atkvæði
- d. SFHR: 9 atkvæði
- e. Hvanneyri: 2 atkvæði
- f. NLHÍ: 2 atkvæði
- g. Hólar: 2 atkvæði
- h. SÍNE: 3 atkvæði
- i. Samtals: 39. Umboð hafa breyst eftir því sem hér er:
 - i. Kolbrún Lára (SHÍ) tekur við sínu atkvæði.
 - ii. Margrét Ósk (SHÍ) tekur við sínu atkvæði.
 - iii. Hjördís Sveinsdóttir (SFHR) tekur við sínu atkvæði.
 - iv. Leó Snær (SFHR) tekur við sínu atkvæði.

15. Lagabreytingar

1. Lagabreytingartillaga. Árgjöld, 60.gr

- a. Framkvæmdastjórn kynnir. Minniháttar umræður um tillögu.
- b. Samþykkt einróma.

2. Lagabreytingartillaga. Innganga, 6.gr

- c. Framkvæmdastjórn kynnir. Engar umræður.
- d. Samþykkt einróma.

3. Lagabreytingartillaga. Skyldur og réttindi, 20.gr

- e. Framkvæmdastjórn kynnir. Engar umræður.
- f. Samþykkt einróma.

4. Lagabreytingartillaga. Formaður-Forseti, 18.gr

- g. Framkvæmdastjórn kynnir. SHÍ tekur undir. Mikil umræða um íslenskt mál.
- h. 6 á móti , 2 sitja hjá, rest samþykkt (31). Lagabreytingartillaga samþykkt.
- i. SHA gerir grein fyrir atkvæðum sínum á 4. Lagabreytingartillögu eftir beiðni frá LHÍ.

5. Lagabreytingartillaga. Formaður - Forseti

- j. Framkvæmdastjórn kynnir. Fundarstjóri leggur til að allar tillögur merktar 5. saman til að auðvelda fundarsköp. Tillaga fundarstjóra einróma samþykkt.
- k. Lagabreytingartillaga einróma samþykkt.

6. Lagabreytingartillaga. Um landsþing, 9.gr

- l. Framkvæmdastjórn kynnir. SFHR tekur undir. Litlar umræður.
- m. 1 situr hjá, rest samþykkt. Lagabreytingartillaga samþykkt.

7. Lagabreytingartillaga. Forseti LÍS, 21.gr

- n. Framkvæmdastjórn kynnir. Litlar umræður.
- o. Samþykkt einróma.

8. Lagabreytingartillaga. Endurskoðun stefnu, 3.gr

- p. Framkvæmdastjórn kynnir. Engar umræður.
- q. Samþykkt einróma.

9. Lagabreytingartillaga. Fundargögn fulltrúaráðs, 12.gr

- r. Framkvæmdastjórn kynnir. Engar umræður.
- s. Samþykkt einróma.

10. Lagabreytingartillaga. Alþjóðamál, 22.gr

- t. Framkvæmdastjórn kynnir.

u. SFHR vill breytingu á orðalagi. Bifröst leggur til breytingartillögu. Framkvæmdarstjórn og SFHR styðja þá breytingartillögu. Breytingartillaga samþykkt einróma.

v. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

11. Lagabreytingartillaga. Varaforseti, 24.gr

w. Framkvæmdastjórn kynnir.

x. SHÍ leggur til munnlega breytingartillögu. Framkvæmdarstjórn styður. Samþykkt einróma.

y. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

12. Lagabreytingartillaga. Fjáröflunarstjóri, 25.gr

z. Framkvæmdastjórn kynnir.

aa. Lítil umræða.

bb. 1 situr hjá, rest samþykkt. Lagabreytingartillaga samþykkt.

13. Lagabreytingartillaga. Ritari, 26.gr

cc. Framkvæmdastjórn kynnir.

dd. Lítil umræða.

ee. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

14. Lagabreytingartillaga. Markaðsstjóri, 27.gr

ff. Framkvæmdastjórn kynnir.

gg. Mikil umræða. 5 min óformlegt hlé.

hh. Munnleg breytingartillaga frá framkvæmdarstjórn lögð fram. Samþykkt einróma.

ii. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

15. Lagabreytingartillaga. Fundarboð, 30.gr

jj. Framkvæmdastjórn kynnir.

kk. Engin umræða.

ll. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

16. Lagabreytingartillaga. Skipun í nefndir, 36.gr

mm. Framkvæmdastjórn kynnir.

nn. SHÍ leggur fram munnlega breytingartillögu. Mikil umræða. 5 min umræðuhlé. Framkvæmdarstjórn er á móti og útskýrir sína afstöðu.

oo. Framkvæmdarstjórn leggur fram tillögu þess efnis að þessi lagabreytingartillaga verði lögð fyrir seinast svo frekari umræða geti átt sér stað. Tillaga einróma samþykkt.

17. Lagabreytingartillaga. Framkvæmdarstjóri, 38.gr

pp. Framkvæmdastjórn kynnir.

qq. Umræða. SFHR leggur til munnlega breytingartillögu. Framkvæmdarstjórn styður. Breytingartillaga samþykkt einróma.

rr. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

18. Lagabreytingartillaga. Dagskrá landsþing, 45.gr

ss. Framkvæmdastjórn kynnir.

tt. Engin umræða.

uu. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

19. Lagabreytingartillaga. Framboð til framkvæmdarstjórnar, 48.gr

vv. Framkvæmdastjórn kynnir.

ww. Nokkur umræða.

xx. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

20. Lagabreytingartillaga. Yfirlýsingar og ályktanir, 52.gr

yy. Framkvæmdastjórn kynnir.

zz. Umræða vegna ósamræmis.

aaa. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

21. Lagabreytingartillaga. Reikningsár samtaka, 58.gr

bbb. Framkvæmdastjórn kynnir.

ccc. Engin umræða.

ddd. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

22. Lagabreytingartillaga. Fjármögnun samtakanna, 59.gr

eee. Framkvæmdastjórn kynnir.

fff. Nokkur umræða um orðalag.

ggg. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

23. Lagabreytingartillaga. Fjármálastjóra og framkvæmdarstjóri, 61.gr

hhh. Framkvæmdastjórn kynnir.

iii. Mikil umræða um mótsögn laga.

jjj. SFHR leggur fram tillögu þess efnis að framkvæmdastjórn lagi 61.gr hvað varðar löggiltan skoðunarmann á næsta landsþingi. Tillaga einróma samþykkt.

kkk. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

24. Lagabreytingartillaga. Formaður-forseti, 62.gr

lll. Framkvæmdastjórn kynnir.

mmm. Engin umræða.

nnn. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

25., 26., 27., 29 og 32. Lagabreytingartillaga. Varamaður í varafulltrúi

ooo. SHÍ leggur til að 25., 26., 27., 29. og 32. lagabreytingartillögur verði teknar saman. SHÍ leggur einnig til að 30. og 31. verði teknar saman. Báðar tillögur einróma samþykktar.

ppp. SHÍ kynnir. Framkvæmdarstjórn styður.

qqq. Lagabreytingartillögur samþykktar einróma.

28. Lagabreytingartillaga. Tímaskráningar, 29.gr

rrr. SHÍ kynnir. Framkvæmdarstjórn styður tillögu.

sss. Lagabreytingartillaga samþykkt einróma.

30 og 31. Lagabreytingartillaga. Trúnaðarmaður í trúnaðarfulltrúa

ttt. SHÍ kynnir. Framkvæmdarstjórn styður tillögu.

uuu. Lagabreytingartillögur samþykktar einróma.

Fundarhlé kl. 18.36. Fundur settur kl. 18:46.

16. Lagabreytingartillaga aftur. Skipun í nefndir, 36.gr

vvv. Framkvæmdastjórn leggur fram breytingartillögu. SHÍ styður. Mikil umræða. SHA leggur fram munnlega breytingartillögu. Samþykkt einróma. Breytingartillaga samþykkt einróma.

www. Lagabreytingartillaga er samþykkt einróma.

Lög lögð fyrir í heild sinni. Einróma samþykkt.

Fundi lýkur kl. 19.07. Kvöldmatur. Hópefli um kvöldið.

16. Lögmati fundar 30.3

Lögmati fundar kannað á ný á nýjum degi.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 13 atkvæði
- c. SHA: 6 atkvæði
- d. SFHR: 9 atkvæði
- e. Hvanneyri: 2 atkvæði
- f. NLHÍ: 2 atkvæði
- g. Hólar: 2 atkvæði
- h. SÍNE: 3 atkvæði
- i. Heild: 39 atkvæði. Umboðum með sama hætti nema:
 - i. Hjördís Jónsdóttir (SÍNE) tekur við atkvæði sínu.
 - ii. Áslaug María Agnarsdóttir (SFHR) tekur við atkvæði sínu.
 - iii. Brynja Birgisdóttir (SFHR) tekur við atkvæði sínu.
 - iv. SHÍ Margrét Ósk gefur Guðrúnu Karítas umboð fyrir atkvæði sínu.

17. Verkáætlun

Formaður LÍS kynnir verkáætlun LÍS 2019-2020 og tekur á móti spurningum. Engar spurningar. Engar umræður.

- a. **1. Breytingartillaga.** Fjármál. SHÍ kynnir, framkvæmdastjórn tekur undir breytingartillögu. Engar umræður. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.
- b. **2. Breytingartillaga.** Herferðir. SHÍ kynnir, framkvæmdastjórn bregst við. SÍNE, SFHR, SHA styðja breytingartillögu. Miklar umræður um herferðir, LÍN, geðheilbrigði og fjölskyldumál. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.
- c. Atkvæði greidd um áætlun í heild sinni. Einróma samþykkt.

18. Fjárhagsáætlun

Varaformaður kynnir fjárhagsáætlun LÍS 2019-2020 og tekur á móti spurningum.

- a. SHA leggur til breytingartillögu. SHÍ, SÍNE, SFHR, Bifröst og framkvæmdastjórn styðja breytingartillögu. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.
- b. Fjárhagsáætlun lögð fyrir landsfund. Einróma samþykkt.

Dagskrárbreytingartillaga framkvæmdarstjórnar um að flýta umræðum um jafnréttisáætlun og að taka stutt fundarhlé.

- a. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.

19. Jafnréttisstefna

Sonja Björg, jafnréttisfulltrúi LÍS, kynnir jafnréttisstefnu LÍS og tekur á móti spurningum.

a. **1. Breytingartillaga.** Lykilhlutverk.

Upprunalegur texti: Háskólamenntun gegnir mikilvægu hlutverki bæði fyrir samfélagið í heild sinni sem og þá einstaklinga sem stunda háskólanám.	Breytingartillaga: Háskólar gegna lykilhlutverki í mótun og framþróun samfélags og hafa bein og óbein áhrif á hvern einstakling sem tilheyrir því.
---	---

- SHÍ kynnir, framkvæmdastjórn tekur undir breytingartillögu.
- SHÍ leggur fram munnlega breytingartillögu. Engar umræður. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.
- Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.

b. **2. Breytingartillaga.** Jafnt aðgengi að námi.

Upprunalegur texti: Háskólanám á að vera opið öllum, óháð aldri, efnahag, félagslegum aðstæðum, fötlun, litarhafti, kyni, kynhneigð, kynþætti, skoðunum, trú, uppruna eða annarri stöðu.	Breytingartillaga: Háskólanám á að vera opið öllum, óháð aldri, efnahag, félagslegum aðstæðum, búsetu , fötlun, litarhafti, kyni, kyngervi , kynhneigð, kynvitund , kyntjáningu , kynþætti, skoðunum, trú, uppruna, veikindum eða annarri stöðu. Jafnt aðgengi felst ekki einungis í því að tryggja aðgengi að námi, heldur einnig á meðan námi stendur. Aðgengi stúdenta að kennsluefni og fyrirlestrum er kykilskef að því að tryggja jafnrétti til náms meðal annars með tilliti til langtíma veikinda, fötlunar eða búsetu. Rafrænn aðgengi er þar grundvallaratriði.
--	---

- SHÍ kynnir og NLHÍ, SFHR taka undir breytingartillögu. Miklar umræður.
- Framkvæmdastjórn leggur fram munnlega breytingartillögu. SHÍ tekur undir.
- SHÍ leggur fram munnlega breytingartillögu á hana.
- NLHÍ leggur fram munnlega breytingartillögu á hana.

Stutt pásá, þingfulltrúar samræmast um tillögu.

- Framkvæmdastjórn, SHÍ draga munnlegu breytingartillögur til baka.
- SHÍ kynnir breytingartillögu með framkvæmdastjórn. Atkvæði greidd. Samþykkt einróma.
- Breytingartillaga samþykkt einróma.

c. **3. Breytingartillaga.** Þáttökuhugmyndafræði.

Upprunalegur texti:

Þáttökuhugmyndafræði (e. *inclusion*) felst í einbeittum og virkum vilja til þess að veita öllum jöfn tækifæri til þátttöku í hvers kyns starfi og að tekið sé tillit til ólíkra hópa í hvívetna. Háskólar á Íslandi eiga að tileinka sér þáttökuhugmyndafræði í sinni starfsemi.

Breytingartillaga:

Þáttökuhugmyndafræði (e. *inclusion*) felst í einbeittum og virkum vilja til þess að veita öllum jöfn tækifæri til þátttöku í hvers kyns starfi og að tekið sé tillit til ólíkra hópa í hvívetna. **Gripa þarf til aðgerða ef kerfislægar hindranir eru fyrir hendi eða þörf á sérstökum stuðningi við einstaka hópa.** Háskólar á Íslandi eiga að tileinka sér þáttökuhugmyndafræði í sinni starfsemi, **til dæmis með því fyrsta skrefi að endurskoða einsleitán hóp stúdenta sem þrýðir kynningarefni þeirra.**

- i. SHÍ kynnir. Engar umræður.
- ii. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.

d. **4. Breytingartillaga.** Vettvangur fyrir minnihlutahópa.

Upprunalegur texti:

Algengt er að þau sem eru í forsvari í umræðunni í samfélaginu myndi einsleitan hóp og það er ekki síður algengt innan háskólasamfélagsins sem og í hagsmunabaráttu stúdenta.

Breytingartillaga:

Algengt er að þau sem eru í forsvari í umræðunni í samfélaginu myndi einsleitan hóp og það er ekki síður algengt innan háskólasamfélagsins sem og í hagsmunabaráttu stúdenta. **Mikilvægt er að stúdentahreyfingar, og aðrir aðilar innan háskólasamfélagsins, veiti minnihlutahópum vettvang og hljómgrunn þegar fjallað er um, eða teknar eru ákvarðanir, um málefni þeirra. Jafnframt er mikilvægt fyrir forystuaðila að huga að aðgengi að starfi stúdentahreyfinganna fyrir alla hópa háskólasamfélagsins.**

- i. SHÍ kynnir.
- ii. Framkvæmdastjórn leggur fram munnlega breytingartillögu.
- iii. Atkvæði greidd. Samþykkt einróma.
- iv. Atkvæði greidd. Einróma samþykkt.

20. Erindi: *Ísland og heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna*

Fanney Karlsdóttir frá forsætisráðuneytinu flytur erindið *Ísland og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna* og tekur við spurningum.

21. Erindi: *Hvað þýðir samfélagsleg ábyrgð eiginlega? - Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja*

Lára Jóhannsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands flytur erindið *Hvað þýðir samfélagsleg ábyrgð eiginlega? - Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja* og tekur við spurningum.

Fundarhlé kl. 12.22.

22. Erindi frá Raket Guðmundsdóttur

Raket Guðmundsdóttir flytur fyrirlestur og tekur við spurningum.

Gengið til vinnusmiðju.

23. Lögmati fundar kannað

Lögmati fundar kannað.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 13 atkvæði
- c. SHA: 6 atkvæði
- d. SFHR: 9 atkvæði
- e. Biföst: 2 atkvæði
- f. Hvanneyri: 2 atkvæði
- g. LHÍ: 2 atkvæði
- h. SÍNE: 3 atkvæði
- i. Samtals 39 atkvæði. Engar breytingar á umboðum utan þess að Sandra Jónsdóttir (SÍNE) hefur tekið við atkvæði sínu.

24. Jafnréttisstefna frh.

Áframhaldið með jafnréttisstefnu LÍS sbr. 26. fundargerðarlið.

a. 5. breytingartillaga.

Upprunalegur texti: Framfærslulán LÍN ættu alltaf að vera að 100% af grunnframfærslu að lágmarki. Þá þarf að endurskoða útreikninga framfærslugrunns svo hann endurspegli raunverulegar aðstæður stúdenta.	Breytingartillaga: Framfærslulán LÍN ættu alltaf að miða við fulla grunnframfærslu neysluviðmiða velferðaráðuneytis að lágmarki . Þá þarf að endurskoða útreikninga framfærslugrunns svo hann endurspegli raunverulegar aðstæður stúdenta.
--	---

i. SHÍ kynnrir. Framkvæmdastjórn leggur fram munnlega breytingartillögu eftir stuttar umræður, SHÍ styður breytingartillögu framkvæmdastjórnar. Greidd atkvæði um munnlega breytingartillögu framkvæmdastjórnar. Einróma samþykkt. Engar frekari umræður. Samþykkt einróma.

b. 6. breytingartillaga.

Upprunalegur texti: Nauðsynlegt er að til staðar séu viðbragðsáætlanir og úrræði fyrir alla einstaklinga sem verða fyrir áreiti eða árásum af nokkru tagi.	Breytingartillaga: Nauðsynlegt er að til staðar séu viðbragðsáætlanir og úrræði fyrir alla einstaklinga sem verða fyrir áreitni eða árásum af nokkru tagi.
--	--

i. SHÍ kynnrir. Framkvæmdastjórn tekur undir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

c. 7. breytingartillaga.

Upprunalegur texti: Fleiri en einungis tvö kyn eru til staðar, ólíkt því sem hin hefðbundna kynjatvíhyggja bendir til.	Breytingartillaga: Til eru fleiri en tvö kyn, ólíkt því sem hin rótgróna kynjatvíhyggja bendir til.
--	---

i. SHÍ kynnrir. Framkvæmdastjórn tekur undir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

d. 8. breytingartillaga.

Upprunalegur texti: Þetta er unnt með því að gera fyrirmyndum hátt undir höfði og snemmtækum aðgerðum þar sem meðal annars farsæld karla í námi er tryggð strax á fyrri skólastigum.	Breytingartillaga: Þetta er unnt að framkvæma með því að gera fyrirmyndum hátt undir höfði og með snemmtækum aðgerðum þar sem meðal annars farsæld karla í námi er tryggð strax á fyrri skólastigum.
--	--

i. SHÍ kynnrir. Framkvæmdastjórn tekur undir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

e. **9. breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Kynbundið áreiti og ofbeldi í háskólasamfélaginu er með öllu óásættanlegt. Nauðsynlegt er að háskólasamfélagið taki kynbundið áreiti og ofbeldi föstum tókum og að fræðsla og vitundarvakning eigi sér stað.	Breytingartillaga: Kynbundin og kynferðisleg áreitni og kynbundið og kynferðislegt ofbeldi í háskólasamfélaginu er með öllu óásættanlegt. Nauðsynlegt er að háskólasamfélagið taki kynbundna og kynferðislega áreitni og kynbundið og kynferðislegt ofbeldi föstum tókum. Mikilvægt er að fræðsla og vitundarvakning eigi sér stað.
--	--

i. SHÍ kynnir. Framkvæmdastjórn tekur undir. Minniháttar umræður. Samþykkt einróma.

f. **10. breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Hinsegin stúdentar eru allir stúdentar sem skilgreina sig hinsegin með einum eða öðrum hætti. Tryggja þarf að háskólasamfélagið sé í stakk búið til þess að taka á móti hinsegin stúdentum með opnum örmum og að þeim sé þess að þeim sé ekki mismunað. Undir þetta fellur að kennarar og akademískt starfsfólk hafi fengið fræðslu í hinsegin málefnum. Allir stúdentar eiga að upplifa öryggi í sínu námsumhverfi og hafa frelsi til þess að tjá sig og sína kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu o.s.frv. Nauðsynlegt er að háskólar tryggi að til staðar séu aðgerðaráætlanir ef slíkt kemur upp. Tryggja þarf að rödd hinsegin stúdenta heyrist í ákvarðanatöku víðs vegar í háskólum og þess vegna mikilvægt að stúdentafélög tryggi aðkomu þeirra.	Breytingartillaga: Tryggja þarf að háskólasamfélagið sé í stakk búið til þess að taka á móti hinsegin stúdentum með opnum örmum og að þeim sé þess að þeim sé ekki mismunað. Undir þetta fellur að kennarar og akademískt starfsfólk hafi fengið fræðslu í hinsegin málefnum. Háskólar skulu vinna að því að gera fræðslu um hinsegin málefni að skyldu fyrir alla kennara innan skólanna. Allir stúdentar eiga að upplifa öryggi í sínu námsumhverfi og hafa frelsi til þess að tjá sig og sína kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyngervi. Nauðsynlegt er að háskólar tryggi að til staðar séu aðgerðaráætlanir ef mismunun og/eða ofbeldi, hvort sem það er í orði eða framkvæmd, kemur upp. Háskólar skulu vinna markvisst að því að tryggja salerni fyrir öll kyn. Slík salerni eru gifurlega mikilvæg fyrir trans einstaklinga en geta einnig gagnast foreldrum með ung börn, eldra fólki eða einstaklingum sem þurfa á aðstoð að halda, mögulega af
--	--

	aðstoðarmanneskju af öðru kyni. Tryggja þarf að rödd hinsegin stúdenta heyrist í ákvarðanatöku víðs vegar í háskólum og þess vegna mikilvægt að stúdentafélög tryggi aðkomu þeirra.
--	---

i. SHÍ kynnir og gerir jafnframt munnlega breytingartillögu á eigin breytingartillögu. Minniháttar umræður. Atkvæði greidd um munnlega breytingartillögu. Samþykkt einróma. Atkvæði greidd um breytingartillögu í heild sinni. Samþykkt einróma.

g. **11. breytingartillaga.**

Upprunalegur texti: Stúdentar eiga að hafa ákvörðunarvald yfir sínu nafni og persónufornafni innan allra háskóla, því ætti að vera hægt að skrá þær upplýsingar í innra neti háskólanna. Ekki skalil miða tungumál innan háskólanna að hefðbundinni kynjatvíhyggju.	Breytingartillaga: Stúdentar eiga að hafa ákvörðunarvald yfir sínu nafni og persónufornafni innan allra háskóla, því ætti að vera hægt að skrá þær upplýsingar í innra neti háskólanna. Öll skráningarform á vegum háskóla þar sem gera þarf grein fyrir kynvitund skulu vera þess eðlis að hægt sé að velja aðra valmöguleika en karl eða kona. Ekki skal miða tungumál innan háskólanna að rótgróinni kynjatvíhyggju.
---	--

i. SHÍ kynnir. Framkvæmdastjórn tekur undir, LHÍ tekur undir. Minniháttar umræður. SHÍ gerir munnlega breytingartillögu. Munnleg breytingartillaga samþykkt einróma. Breytingartillaga í heild sinni samþykkt einróma eftir minniháttar umræður.

h. **12. breytingartillaga.**

Breytingartillaga: 3.5. Foreldrar í námi Samanborið við hin norðurlöndin er hærra hlutfall stúdenta hér á landi sem á eitt barn eða fleiri. ¹ Stúdentum með börn á að vera kleift að stunda nám á Íslandi án vandkvæða. Það er ólíðandi að foreldrar neyðist til þess að segja sig úr námi vegna fjárhagsstöðu. Nauðsynlegt er að fæðingastyrkur stúdenta verði hækkaður. Fæðingarstyrkur ætti ekki teljast til tekna hjá LÍN og skerða þannig framfærslu foreldra. Sömuleiðis á framfærsla barna ekki að vera háð námsframvindu foreldra þeirra. Foreldrum ætti að vera kleift að sækja um tilslökun á námsframvindu kröfum fyrst eftir barnsburð og á meðan á meðgöngu stendur. Einnig þurfa háskólar að taka tillit til verðandi foreldra og tryggja sveigjanleika svo að meðganga komi ekki niður á námsframvindu þeirra. Undir þetta fellur til dæmis að gefa undanþágu frá mætingarskyldu þegar mæta þarf á heilsugæslu, til dæmis til þess að sækja mæðraskoðun. Til staðar þurfa að vera samræmdar reglur þegar að þessu kemur svo að undanþágur fari ekki eftir geðþóttaákvörðunum. Háskólar ættu að stefna að því að hafa sveigjanlegt námsfyrirkomulag. Það felur meðal annars í sér að koma til móts við ólíkar þarfir stúdenta við skipulagningu á stundatöflum og aðgengi námsgagna. Foreldrar í námi ættu að eiga kost á rafrænum námsgögnum forfallist þau vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Öll sveitafélög eiga að niðurgreiða jafnt fyrir leikskólaláss barna stúdenta. Vinna þarf að því að ungbarnaleikskólar séu opnaðir á vegum hagaðila innan háskólasamfélagsins. Nauðsynlegt er að tryggja að aðstaða í háskólum geri ráð fyrir því að foreldrar í námi geti tekið
--

börnin sín með sér í skólann. Til dæmis ætti að vera til staðar skiptiaðstaða í öllum háskólum inni á klósettum sem aðgengileg eru öllum kynjum. Stúdentar með fjölskyldur hafa oft minni tók á því að sækja viðburði tengda félagslífinu og því ættu öll stúdentafélög að leggja áherslu á að viðburðir séu í boði fyrir alla og tryggja fjölbreytni viðburða.
--

i. Framkvæmdastjórn kynnir, SFHR styður tillöguna. NFHB leggur fram munnlega

breytingartillögu. Atkvæði greidd um munnlega breytingartillögu. Einróma samþykkt. SHÍ leggur fram munnlega breytingartillögu, samþykkt einróma. SHÍ leggur fram munnlega breytingartillögu, samþykkt einróma. SFHR leggur fram munnlega breytingartillögu með stuðningi SHÍ. Atkvæði greidd um hana, samþykkt einróma. SHÍ leggur til munnlega breytingartillögu með stuðningi SFHR, SHA og NLHÍ. SHÍ leggur fram munnlega breytingartillögu. Samþykkt einróma. Tillagan í heild sinni samþykkt einróma.

i. **13. breytingartillaga.**

<p>Upprunalegur texti: Fyrsta úrræði ætti að vera til staðar innan veggja háskóla þar sem þeim býðst sálfræðiráðgjöf.</p>	<p>Breytingartillaga: Innan veggja háskólanna ætti að bjóðast gjaldfrjáls sálfræðipjónusta sem gæti nýst sem fyrsta úrræði.</p>
--	---

i. SHÍ kynnir. Framkvæmdastjórn styður. Einróma samþykkt án sérstakrar umræðu.

j. **14. breytingartillaga.**

<p>Upprunalegur texti: Auka þarf umhverfisvitund akademísku starfsfólks og stúdenta með því að hvetja til aukinnar notkunar á almenningssamgöngum til að draga úr útblæstri og svifryksmengun.</p>	<p>Breytingartillaga: Auka þarf umhverfisvitund akademísku starfsfólks og stúdenta, meðal annars með því að hvetja til aukinnar notkunar á umhverfsvænni og heilsusamlegri ferðakostum en einkabifreiðum, t.d. almenningssamgöngum, hjóleiðum eða göngu, til að draga úr útblæstri og svifryksmengun.</p>
---	--

i. SHÍ kynnir. Framkvæmdastjórn styður. NFHB leggur til munnlega breytingartillögu, SHÍ styður. Samþykkt einróma. Tillagan í heild sinni samþykkt einróma.

k. **15. breytingartillaga.**

<p>Upprunalegur texti: Eins eiga stofnanir sem reka stúdentahúsnæði að taka tillit til veikinda stúdenta og vera fær um að koma til móts við þá, einnig þarf LÍN að tryggja sveigjanleika.</p>	<p>Breytingartillaga: Eins eiga stofnanir sem reka stúdentahúsnæði, sem og LÍN, að taka tillit til veikinda stúdenta og vera fær um að koma til móts við þá er kemur að úppfylltum kröfum um einingafjölda vegna alvarlegra veikinda., einnig þarf LÍN að tryggja sveigjanleika.</p>
---	---

i. SHÍ kynnir. NFHB leggur til munnlega breytingartillögu sem SFHR og SHÍ styðja. Hún samþykkt einróma. Tillagan í heild sinni samþykkt einróma. Stefnan borin upp til samþykktar í heild sinni. Samþykkt einróma.

Hlé gert á þinghöldum til morguns kl. 18.49.

25. Lögmati fundar kannað 31.3

Þing sett 09.03. Lögmati fundar kannað á ný á nýjum degi.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 12 atkvæði
- c. SHA: 6 atkvæði
- d. SFHR: 7 atkvæði
- e. Hvanneyri: 2 atkvæði
- f. NLHÍ: 2 atkvæði
- g. Hólar: 2 atkvæði
- h. SÍNE: 3 atkvæði
- i. Heild: 36 atkvæði.

Þing fer í vinnustofur.

26. Önnur mál

Ályktun frá framkvæmdastjórn um nýjar úthlutunarreglur LÍN.

- a. Tilmælum beint til þingfulltrúa að útbúa breytingartillögur í fundarhlé.

Fundarhlé kl. 11.10.

27. Lögmati fundar kannað að loknu fundarhléi

Áframhaldið að fundarhléi loknu kl. 11.43. Lögmati fundar kannað.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 13 atkvæði
- c. SHA: 6 atkvæði
- d. SFHR: 9 atkvæði
- e. Hvanneyri: 2 atkvæði
- f. NLHÍ: 2 atkvæði
- g. Hólar: 2 atkvæði
- h. SÍNE: 3 atkvæði
- i. Heild: 39 atkvæði.

28. Önnur mál frh.

Öðrum málum áframhaldið.

a. SHA ber upp annað mál.

i. Leggur fram tillögu um að landsþing LÍS 2020 verði haldið í Háskólanum á Akureyri.

Gengið til atkvæðagreiðslu eftir minniháttar umræður. Samþykkt einróma.

b. Tillaga framkvæmdastjórnar að ályktun um úthlutnarreglur LÍN.

i. SHÍ gerir breytingartillögu og kynnir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

ii. SHÍ gerir breytingartillögu og kynnir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

iii. SHÍ gerir breytingartillögu og kynnir. Framkvæmdastjórn leggst gegn breytingunni. NLHÍ gerir munnlega breytingartillögu, SHÍ styður. Framkvæmdastjórn gerir munnlega breytingartillögu, SHÍ styður. Afgreiðslu breytingartillögunnar frestað.

iv. SHÍ gerir breytingartillögu og kynnir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

v. SHA gerir breytingartillögu og kynnir. Engar umræður. Samþykkt einróma.

vi. SHA gerir breytingartillögu og kynnir. Minniháttar umræður. Samþykkt einróma.

vii. SÍNE gerir breytingartillögu og kynnir. Framkvæmdastjórn tekur undir. Samþykkt einróma.

viii. SÍNE gerir breytingartillögu og kynnir. Minniháttar umræður. Samþykkt einróma.

Hádegishlé kl. 12.32.

29. Lögmæti fundar kannað að loknu fundarhléi

Lögmæti fundar kannað eftir hádegishlé, kl. 13.31.

- a. Bifröst: 2 atkvæði
- b. SHÍ: 13 atkvæði
- c. SHA: 6 atkvæði
- d. SFHR: 9 atkvæði
- e. Hvanneyri: 2 atkvæði
- f. NLHÍ: 2 atkvæði
- g. Hólar: 2 atkvæði
- h. SÍNE: 3 atkvæði
- i. Heild: 39 atkvæði.
- j. Umboð taka eftirfarandi breytingum:
 - i. Styrmir Niéllsson tekur við atkvæði Ásgerðar Elínar Magnúsdóttur (Hvanneyri)
 - ii. Áslaug María Agnarsdóttir (SFHR) gefur Hjördísi Sveinsdóttur umboð fyrir atkvæði sínu, Ketill Antoníuss Ágústsson (SFHR) gefur Leó Snæ Emilsson og Gabríela Jóna Ólafsdóttir (SFHR) veitir Brynju Birgisdóttur umboð fyrir sínu atkvæði.

30. Önnur mál frh.

Öðrum málum áframhaldið sbr. fundarlið 37-b.

- i. SHÍ leggur fram breytingartillögu og kynnir. Framkvæmdastjórn tekur undir. Engar umræður. Samþykkt einróma.
 - ii. SHÍ leggur fram breytingartillögu og kynnir. Minniháttar umræður. Afgreiðslu frestað.
 - iii. SFHR leggur fram breytingartillögu og kynnir. Framkvæmdastjórn leggst gegn breytingunni. Orðalagi breytt. Engar frekari umræður. Atkvæði greidd, samþykkt einróma.
 - iv. B-liður þessa liðs tekinn aftur upp. Bifröst leggur til breytingartillögu. SHÍ leggur til munnlega breytingartillögu á breytingartillögu Bifrastar. Atkvæði greidd um tillögu SHÍ. 3 sitja hjá. 4 greiða atkvæði gegn. Aðrir samþykkja og telst tillaga SHÍ samþykkt. Tillaga Bifrastar með breytingum SHÍ borin upp til samþykktar. Samþykkt einróma.
 - v. Breytingartillaga í fundargerðarlið 37. b. iii. tekin aftur upp. SHÍ leggur fram endurbætta tillögu. Framkvæmdastjórn leggur til breytingartillögu á breytingartillögunni. Atkvæði greidd um breytingartillögu SHÍ þar sem hún gengur lengra. 16 atkvæði með. 15 sitja hjá. 8 greiða atkvæði gegn. Tillaga SHÍ telst samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.
 - vi. Tillaga framkvæmdastjórnar borin upp til samþykktar í heild sinni. Samþykkt einróma.
-
- c. SHÍ kynnir eitt annað mál, tillaga um umboð fyrir LÍS til að fjalla um aldursgreiningar hælisleitenda á vettvangi ESU. SFHR, Bifröst, SHA og framkvæmdastjórn taka undir. Tillagan samþykkt einróma.
 - d. Framkvæmdastjórn gerir tillögu um sérstaka kynningu fyrir nýjum þingfulltrúum. Samþykkt einróma.

31. Kosning til framkvæmdastjórnar

- a. Forseti
 - i. Eitt framboð barst; Sonja Björg Jóhannsdóttir.
 - ii. Sonja Björg ávarpar landsþing og tekur við spurningum.
 - iii. Atkvæðagreiðsla fer fram.
 - iv. Sonja Björg Jóhannsdóttir hlaut kjör.
- b. Varaforseti
 - i. Þrjú framboð; Eygló María Björnsdóttir, Polina Diljá Helgadóttir og Sigrún Jónsdóttir.
 - ii. Frambjóðendur ávarpa landsþing í sitt hvoru lagi.
 - iii. Frambjóðendur svara spurningum saman úr sal.
 - iv. Atkvæðagreiðsla fer fram.
 - v. Sigrún Jónsdóttir hlaut kjör.
- c. Ritari
 - i. Eitt framboð barst; Hjördís Sveinsdóttir.
 - ii. Hjördís ávarpar landsþing og tekur við spurningum.
 - iii. Atkvæðagreiðsla fer fram.
 - iv. Hjördís Sveinsdóttir hlaut kjör.
- d. Fjáröflunarstjóri
 - i. Eitt framboð barst; Aníta Eir Jakobsdóttir.
 - ii. Aníta ávarpar landsþing og tekur við spurningum.
 - iii. Atkvæðagreiðsla fer fram.
 - iv. Aníta Eir Jakobsdóttir hlaut kjör.
- e. Alþjóðaforseti
 - i. Eitt framboð barst; Jóhanna Ásgeirsdóttir.
 - ii. Jóhanna ávarpar landsþing og tekur við spurningum.
 - iii. Atkvæðagreiðsla fer fram.
 - iv. Jóhanna Ásgeirsdóttir hlaut kjör.
- f. Jafnréttisfulltrúi.
 - i. Eitt framboð barst; Anastasía Jónsdóttir.
 - ii. Anastasía ávarpar landsþing og tekur við spurningum.
 - iii. Atkvæðagreiðsla fer fram.
 - iv. Anastasía Jónsdóttir hlaut kjör.

g. Gæðastjóri

- i. Eitt framboð barst; Eygló María Björnsdóttir.
- ii. Eygló hefur nú þegar kynnt sig en tekur við spurningum.
- iii. Atkvæðagreiðsla fer fram.
- iv. Eygló María Björnsdóttir hlaut kjör.

h. Markaðsstjóri

- i. Eitt framboð barst; Polina Diljá Helgadóttir.
- ii. Polina hefur nú þegar kynnt sig en tekur við spurnigum.
- iii. Atkvæðagreiðsla fer fram.
- iv. Polina Diljá Helgadóttir hlaut kjör.

32. Tilnefningar aðildarféлага til fulltrúaráðs

Tilnefningar aðildafélaga til fulltrúaráðs LÍS.

- a. SH óska eftir fresti
- b. NLHÍ óskar eftir fresti
- c. SHA tilnefnir Helgu Björg Loftsdóttur og Jón Hlífur Aðalsteinsson
- d. SHÍ tilnefnir Jónu Þórey Pétursdóttur til tveggja ára, vara Rebekka Karlsdóttir og Kolbrún Lára Kjartansdóttir
- e. Bifröst óskar eftir fresti
- f. SÍNE óskar eftir fresti
- g. NLBHÍ óskar eftir fresti
- h. SFHR óskar eftir fresti

33. Staðfesting ritara og fundarstjóra



Jónas Már Torfason, ritari I.



Númi Sveinsson, ritari II

Benedikt Traustason, fundarstjóri